

Ed.

516. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum frá 22. nóv. 1907 um vegi.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálasamvinnunefnd Alþingis hefir athugað frv. þetta, sem er stjórnarfrv., á nokkrum fundum sínum og komist að þeirri niðurstöðu, sem hjer segir.

Frv. fer fram á allverulegar breytingar á legu akbrauta og þjóðvegjar í Húnavatnssýslu. Er lega akbrautanna ákveðin í 1. gr. þess, en þjóðvegjarins milli Hrutafjarðarháls og Vatnsdalsár í 2. gr. Í athugasemdum stjórnarinnar við frv. er gerð itarleg grein fyrir rjettmæti og nauðsyn fyrri breytingarinnar, sem samvinnunefndin felst á að öllu leyti.

Nú er svo ástatt, að flutningabrautin í austursýslunni, eins og hún er ákveðin í 1. gr. frv., er að verða fullgerð, nema hvað ógerð er brúin á Hnausakvisl. Eins og nú horfir, er mjög tvísýnt að unnið verði að brúargerð þessari á næsta sumri eða jafnvel fjárhagstímabili. Hins vegar er ætlað fje í fjárlagafrv. fyrir næsta fjárhagstímabil til Húnavetningabrautar, og verður því nú þegar á þessu þingi að taka ákvörðun um breytingu þá á legu flutningabrautanna í sýslunni, sem frv. fer fram á, svo að hægt verði að byrja á hinni fyrirhuguðu Hvammstangabraut á næsta sumri, ef ekki getur orðið af brúargerðinni á Hnausakvisl.

Að því er snertir breytingu á legu þjóðvegjarins um Húnavatnssýslu, er henni svo varið, að engan nauð rekur til þess, að lög verði sett um hana á þessu þingi.

Núverandi landsverkfræðingur hefir ekki rannsakað leiðir þær, sem þar geta komið til mála, eða áætlanir verið gerðar um sjerstakan kostnað við brúargerðir, sem standa í sambandi við breytingu þá, er 2. gr. frv. fer fram á; telur hann því eftir atvikum rjett að fresta ákvörðun um legu vegar þessa að sinni, enda breytingin tæplega nægilega athuguð heima í hjeraði.

Nefndin verður að fallast á þetta, og leyfir sjer því að gera við frumv. svo felda

BREYTINGARTILLÖGU.

2. gr. frv. falli burt.

Alþingi, 16. ágúst 1917.

Þórarinn Jónsson,
form. samv.nefndar og Nd.nefndar og frams.m. i Nd.

Guðjón Guðlaugsson,
form. nefndar i efri deild.

Benedikt Sveinsson,
skrifari samvinnunefndar.

Gísli Sveinsson,
skrifari Nd.

Sig. Eggerz,
skrifari Ed.

Jóh. Jóhannesson,
framsm. Ed.

B. R. Stefánsson.

H. Steinsson.

Hjörtur Snorrason.

Þorsteinn M. Jónsson.

H. J. Kristófersson.

Þorleifur Jónsson.